

Stofnanasamningur

Háskólans á Hólum við Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR)

Forsendur röðunar starfa við Háskólann á Hólum samkvæmt ákvæðum kjarasamnings ofangreindra stéttarfélaga og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 7. október 2011

1. gr.

Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags prófessora við ríkisháskóla hins vegar, dags. 21. desember 2009. Samningurinn nær til allra prófessora við Háskólann á Hólum sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningnum svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

2. gr.

Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningnum:

- Að röðun í launaflokka sé með hlutlægum hætti og gildandi reglur ríkisháskólanna um stigamat starfsþátta og röðun starfa verði notaðar við ákvörðun launa.
- Að þróun matskerfis verði í höndum vísindanefndar opinberu háskólanna í samráði við prófessora.
- Að stuðla að bættum gæðum háskólastarfsins og standa vörð um frelsi prófessora til sjálfstæðra rannsókna.
- Að leitast við að tryggja prófessorum gott og framsækið starfsumhverfi.
- Að prófessorar eigi kost á árangurstengdum kennsluafslætti.
- Heimilt er að veita prófessor kennsluafslátt á grundvelli helgunar í starfi og árangri í kennslu og rannsóknum samkvæmt ákvörðun rektors.
- Að jafnréttisstefna Háskólans á Hólum og stefna hans gegn mismunun séu hafðar að leiðarljósi við launaáskvarðanir þannig að sömu laun séu tryggð fyrir sambærileg störf.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til þróunar í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirra starfa sem þeir gegna.

3. gr.

Röðun starfa í launaflokka

Prófessorar raðast í launaflokka á grundvelli samræmnds stigamats ríkisháskólanna og staðfest er af matskerfisnefnd. Um röðun þessara starfa í launaflokka er fjallað í 6.

EBG
R.V.

gr. Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirbyggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum má skjóta til áfrýjunarnefndar um vinnumat.

4. gr.

Almennar skilgreiningar á rannsóknnum, kennslu og stjórnun

Með rannsóknnum er átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingaröflunar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti. Kennsla er miðlun þekkingar til nemenda, þjálfun þeirra og umsjón með rannsóknaverkefnum þeirra. Stjórnun/þjónusta tekur til þeirra verkefna sem prófessor sinnir vegna starfs síns innan Háskólans á Hólum sem ekki er kennsla eða rannsóknir. Þar á meðal eru ýmis störf við að stýra deildum og námsbrautum, störf í nefndum, seta á fundum og vinna við stefnumótun, álitsgerðir og umsagnir á vegum miðlægrar stjórnsýslu, sviðs, deildar eða stofnunar, forsvar fræðigreina og rannsókna og önnur störf tengd þeim, skipulagning kennslueininga og umsýsla vegna nemenda og annarra innan og utan skólans sem ekki telst til beinnar kennslu eða rannsókna.

5. gr.

Starfsskyldur prófessora

- 5.1. Starfsskyldur prófessora við Háskólann á Hólum skiptast í þrjá meginþætti: Rannsóknir, kennslu og stjórnun. Um vægi starfsþátta fer samkvæmt bókun 4 í miðlægum kjarasamningi FPR og fjármálaráðuneytis dags. 7. október 2011.
- 5.2. Rektor er heimilt að veita prófessor undanþágu frá kennslu- og stjórnunarskyldu í eitt til tvö misseri í senn, til þess að gera honum kleift að verja þeim hluta vinnutíma síns til rannsóknastarfa í samræmi við reglur sem háskólaráð setur um starfsskyldur kennara við Háskólann á Hólum. Kennslu- og stjórnunarskylda á starfstíma kennarans, að meðtöldum þeim tíma sem hann nýtur undanþágu frá kennslu- og stjórnunarskyldu, skal þó eigi vera lægri en 50% af heildarvinnutíma hans.
- 5.3. Æski prófessor lækkunar eða niðurfellingar kennsluskyldu skv. 5.2 skal hann leggja fram skýrslu um stöðu þeirra rannsókna, sem hann hefur unnið, og starfsáætlun fyrir leyfistímabilið. Rektor ákveður leyfisveitinguna að undangengnu mati á framlögðum gögnum.
- 5.4. Prófessorar geta sótt árlega um greiðslur úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora samkvæmt reglum sem matskerfisnefnd setur. Skulu þeir skila skýrslu um störf sín á því ári og eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.
- 5.5. Hafi prófessor náð viðunandi árangri í kennslu og rannsóknnum, samkvæmt reglum og viðmiðum sem Háskólinn á Hólum setur, geta prófessorar fengið allt að 200 klst. afslátt á kennsluskyldu sinni á komandi almanaksári.

ERB
A.V.
2

5.6. Próffessorar geta sótt um ferðastyrki samkvæmt reglum sem háskólaráð Háskólans á Hólum setur. Frá og með áramótum 2015/2016 geta próffessorar í fullu starfi fengið allt að 150 þúsund krónur á hverju ári vegna kostnaðar við ferðir til og frá landinu vegna ráðstefna eða rannsóknasamstarfs. Aðrir próffessorar fá ferðastyrk í samræmi við starfshlutfall. Staðfesting þarf að liggja fyrir um rannsóknasamstarf. Styrkir vegna ráðstefnuferða miðast við þátttöku í fyrirlestrahaldi eða veggspjaldakynningu. Að auki verði ferðakostnaður innanlands greiddur samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

6. gr.

Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda

- 6.1. Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda byggja á samræmdu stigamati ríkisháskólanna fyrir einstök störf eins og það er á hverjum tíma og staðfest er af matskerfisnefnd.
- 6.2. Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa próffessora á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfshátta samkvæmt staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. samræmt stigamat ríkisháskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma.
- 6.3. Próffessorar raðast í launaflokka eins og fram kemur í töflu 6.1. Í töflum 6.1 og 6.2 og eru stig metin samkvæmt samræmdu stigamati ríkisháskólanna, sbr. grein 3.1. Lágmarksröðun er í launaflokk 13-4 miðað við fullar starfsskyldur.
- 6.4. Röðun próffessora í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 6.1. Próffessorum verði heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsókn- og/eða kennslustig.

Tafla 6.1 launaröðun próffessora

| | Rannsóknar stig | Kennslustig | Heildarstig | Laun afl. |
|----------------|------------------------|--------------------|--------------------|------------------|
| Próffessor II | 270 | 100 | 400 | 14-5 |
| Próffessor III | 400 | 120 | 600 | 16-5 |
| Próffessor IV | 550 | 150 | 900 | 18-5 |
| Próffessor V | 750 | 180 | 1200 | 19-8 |
| Próffessor VI | 1000 | 180 | 1600 | 21-5 |
| Próffessor VII | 1500 | 180 | 2000 | 21-7 |

6.5. Hámark yfirvinnu á mánuði er eins og fram kemur í töflu 6.2. Próffessor er þó heimilt með skriflegu samkomulagi við yfirmann að kenna umfram yfirvinnuþak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera. Um þetta skal liggja fyrir skriflegt samkomulag fyrir lok misseris.

EBÓ
R.V.

Tafla 6.2, yfirvinnuþak

| | | |
|------------------------|----------------|--------------------------|
| | Yfirvinna alls | Þar af þjónustuyfirvinna |
| Prófessor I og II | 540 klst/ári | allt að 200 klst/ári |
| Prófessor III | 540 klst/ári | allt að 200 klst/ári |
| Prófessor IV | 468 klst/ári | allt að 200 klst/ári |
| Prófessor V, VI og VII | 420 klst/ári | allt að 200 klst/ári |

6.6. Tímakaup fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi prófessors. Tímakaup fyrir aðra yfirvinnu svo sem yfirvinnu vegna kennslu er fastur taxti, 0,615% af launaflokki 19-8.

7. gr.

Umsjón með meistaraverkefnum

Fjöldi klukkustunda við umsjón með meistaraverkefnum skal ákveðinn af rektor. Fyrir umsjón með meistaraneinum gildir að 30% af vinnumati er fært við skil eftir 1. málstofu og 70% við verklok.

8. gr.

Vinnuskylda m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

Vinnuskylda á ársgrundvelli við kennslu, rannsóknir og stjórnun/þjónustu minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.



Kröfur um rannsóknastig er byggja á rannsóknaframlagi undangenginna þriggja ára, minnka hlutfallslega.

Pröskuldur Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora vegna rannsókna lækkar hlutfallslega. Kennslustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

9. gr.

Stofnanasamningur þessi gildir frá undirritun.

Reykjavík, 29. okt. 2015

| | |
|---|--|
| Fyrir hönd Háskólans á Hólum | Fyrir hönd Félags prófessora við ríkisháskóla |
|  |  |